

REGLUGERÐ

um Stofnverndarsjóð íslenska hestakynsins.

1. gr.

Stofnverndarsjóður íslenska hestakynsins starfar samkvæmt 15. gr. búfjárræktarlaga nr. 84/1989 og skal vera í vörslu Búnaðarfélags Íslands, sem annast reiknishald sjóðsins, ávöxtun hans og endurskoðun.

Hrossaræktarnefnd Búnaðarfélags Íslands, skv. 5. gr. laga nr. 84/1989, annast stjórn sjóðsins.

2. gr.

Tekjur sjóðsins skulu vera 10% af söluverði óvanaðra hesta til útflutnings og 5% af söluverði útfluttra hryssna, hrossasæðis og fósturvísa. Útflytjendur hrossa, sæðis og fósturvísa skulu standa skil á þessum gjöldum til Búnaðarfélags Íslands eigi síðar en þremur mánuðum eftir útflutning og skulu þeir setja tryggingu, sem stjórn Búnaðarfélags Íslands metur gilda.

3. gr.

Verkefni sjóðsins eru að veita hrossaræktarsamböndum lán og/eða styrki til kaupa á kynbótahestum, sem annars kynnu að verða fluttir úr landi:

- a. Við kaup á kynbótahestum sem hlotið hafa 8 og þar yfir í aðaleinkunn einstaklingsdóms og öðrum álitlegum stóðhestum. Samanlögð mega lán og styrkir nema allt að 50% af sannanlegu kaupverði.
- b. Við kaup á efnilegum, ungum stóðhestum má fjárhæð vera allt að 40% af sannanlegu kaupverði.

4. gr.

Lán sjóðsins skulu vera til fimm ára gegn veðum, sem stjórn sjóðsins metur gild. Vextir af lánum skulu vera almennir sparisjóðsvextir.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 15. gr. búfjárræktarlaga nr. 84/1989 og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um sama efni nr. 248 14. maí 1975.

Landbúnaðarráðuneytið, 14. apríl 1992.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.